

52

31. maí

## L Ö G

um

heimild til að undanþiggja Íslandsbanka inndráttarskyldu  
seðla árið 1927.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Dan-  
merkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri,  
Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer stað-  
fest þau með samþykki Voru:

Íslandsbanka skal ekki skylt að draga neitt af seðlum sínum  
úr umferð á árinu 1927.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Sorgenfrihöll, 31. maí 1927.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Jón Þorláksson.*